

# AUGLÝSING

## um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vörulíðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulíð 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	56	1901.2018	6
1806.3101	61	1901.2019	5
1806.3109	61	1901.2022	44
1806.3202	56	1901.2029	56
1806.3203	25	1905.2000	38
1806.3209	25	1905.3011	17
1806.9022	21	1905.3019	19
1806.9023	58	1905.3021	38
1806.9025	63	1905.3029	23
1806.9026	57	1905.3030	13
1806.9028	56	1905.4000	19
1806.9029	56	1905.9011	47
1901.2012	26	1905.9019	6
1901.2013	20	1905.9020	5
1901.2014	38	1905.9040	44
1901.2015	13	1905.9090	56
1901.2016	19	2104.1003	4
1901.2017	47	2104.1004	4

### 2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

### 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

### 4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

## 5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. ágúst til 31. október 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 221/1994.

*Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1994.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

*Jóhann Baldursson.*

## REGLUGERÐ

### um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

## 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur, vörugjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

## 2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlendt viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,00	69,04
Smjör, óniðurgreitt	967,51	69,04
Mjólkurduft	240,00	79,42
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	63,53
Ostur	450,62	145,66
Nautgripakjöt	487,20	153,90
Kindakjöt	486,20	109,22
Svínakjöt	429,00	106,64
Kjúklingakjöt	396,50	73,67